

Gróðurfar í Úlfarsárdal

Guðmundur Guðjónsson


Unnið fyrir Reykjavíkurborg

NÍ-04017

Reykjavík, desember 2004



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

		Reykjavík <input checked="" type="checkbox"/> Akureyri <input type="checkbox"/>
Skýrsla nr. NÍ-04017	Dags, Mán, Ár desember 2004	Dreifing X Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróðurfar í Úlfarsárdal.		Upplag 25 Fjöldi síðna 11 Kort / Mælikvarði Gróðurkort. Úlfarsárdalur 1:5000 Verknúmer R0411005 Málsnúmer 200410019
Höfundar Guðmundur Guðjónsson		
Unnið fyrir Skipulags- og byggingarsvið, Reykjavíkurborgar		
Samvinnuaðilar Landmótun ehf		
Útdráttur Umhverfisstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar óskaði eftir úttekt á gróðurfari í Úlfarsárdal, á svæði beggja vegna Úlfarsár frá Vesturlandsvegi að borgarmörkum neðan Hafravatns. Ákveðið var að úttektin fælist í gerð gróðurkorts (1:5000) og lýsingu á gróðurfari á svæðinu.		
Vegna þess hve kortið er unnið í margfalt stærri mælikvarða en hefðbundin gróðurkort þá reyndist nauðsynlegt að bæta tveimur nýjum gróðurfélögum við lykilinn þ.e. <i>graslendi með blómplöntum</i> (H11) og <i>flóa með mýrastör</i> (V10). Lykill yfir þau gróðurfélög sem eru í Úlfarsárdal er sýndur á gróðurkortinu og í viðauka í skýrslunni.		
Náttúrufræðistofnun Íslands vill ítreka nú þegar Úlfarsárdalur er deiliskipulagður mikilvægi hans sem lítt snortins svæðis innan borgarmarkanna. Stofnunin telur gildi dalsins sem útivistarsvæðis með tiltölulega villtri náttúru hátt. Vegna þess að lífríki árinna, gróðurfarið og fuglalífið mynda samfellda heild, er mikilvægt að varðveita önnur villt gróðurlendi við bakka árinna í öllum dalnum og sjá til þess að óheftur aðgangur verði að henni um ókomna framtíð.		
Hluta þess votlendis sem ræst hefur verið fram má með tiltölulega litlum tilkostnaði færa til fyrra ástands með því að fylla í skurði. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að lögð verði sérstök áhersla á að vernda votlendið beggja vegna Úlfarsár neðan við bæinn Úlfarsfell.		
Lykilorð Gróðurkort, deiliskipulag, Reykjavík, Úlfarsá.		Yfirfarið KE, PH

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	4
2 NÁTTÚRUMINJAR	5
3 GRÓÐURFAR	5
3.1 Yfirlit	5
3.2 Einkennandi þættir í gróðurfari	5
4 NIÐURSTÖÐUR	8
5 HEIMILDIR	9
VIÐAUKI	10

1 INNGANGUR

Guðmundur Guðjónsson gerði úttekt á gróðurfari fyrir Reykjavíkurborg í Hamrahlíðarlöndum og í Grafarholti fyrir um áratug. Þann 21. september 2004 barst Náttúrufræðistofnun Íslands fyrirspurn í tölvupósti frá Birni Axelssyni umhverfisstjóra skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkurborgar um úttekt á gróðurfari í Úlfarsárdal. Beðið var um kostnaðar- og tímaáætlun fyrir svæði beggja vegna Úlfarsár frá Vesturlandsvegi að borgarmörkum neðan Hafravatns, sem byggðist á fyrirliggjandi gögnum og tilfallandi vettvangsferðum. Ákveðið var að úttektin fælist í gerð gróðurkort og lýsingu á gróðurfari á svæðinu. Hæfilegt þótti að vinna gróðurkort í mælikvarða 1:5000 á myndkort frá Hnit hf. og Loftmyndum ehf. sem borgin legði til.

Fyrirliggjandi gögn af öllu svæðinu eru gróður- og jarðakort Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá 1988 sem byggjast á kortlagningu frá 1986 unninni á litmyndir í mælikvarða 1:36.000 (Viðey, blað 1613 III NV og Mosfellsdalur, blað 1613 III NA). Fyrirnefnd gögn af Hamrahlíðarlöndum og Grafarholti sem ná yfir hluta svæðisins voru unnin í stærri mælikvarða en gróður- og jarðakortin (1:5000) og komu að góðum notum við kortlagninguna nú.

Auk kortanna er bent á skýrslu sem unnin var af Náttúrufræðistofnun Íslands fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur og fjallar m.a. um náttúrufar í Úlfarsárdal; Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Þar er m.a. ítarleg umfjöllun um flóru svæðisins, birtur plöntulisti ásamt upplýsingum um fuglalíf og tillögur um náttúruvernd á svæðinu.

Á grundvelli kostnaðar- og tímaáætlunar Náttúrufræðistofnunar var með tölvubréfi frá Birni þann 5. október ákveðið að ráðast í verkið í samráði við ráðgjafa borgarinnar, Yngva Þór Loftsson landslagsarkitekt hjá Landmótun ehf.

Hér á eftir verður gróðurfari á rannsóknasvæðinu lýst á grundvelli gróður- og landgerða sem fram koma á meðfylgjandi gróðurkort (Gróðurkort, Úlfarsárdalur, 1:5000, Náttúrufræðistofnun Íslands 2004). Vettvangsvinnan var að mestu unnin þann 7. október 2004 en þá var gróður farinn að sölna mikið vegna þess hve langt var liðið á haust. Þess vegna var erfitt í sumum tilvikum að greina í sundur tegundir plantna, einkum í deiglendi þar sem sina var mikil og olli því að skil milli deiglendis og þurrlendis urðu óvissari en ella. Þar sem votlendið var blautara urðu þó skil á milli sumra gróðurfélaga skarpari vegna þess hve starirnar sölna á mismunandi hátt. Flokkun á tünnum var af sömu ástæðum einnig erfið vegna þess hve hrossabeit er sumstaðar mikil.

Gróðurkort íð er unnið á hefðbundinn hátt þ.e. gróður er greindur í gróðurfélög eftir ríkjandi tegundum plantna en gróðurflokkunin er byggð á gróðurlykli sem Steindór Steindórsson (1981) lagði grunninn að. Vegna þess hve kortið er unnið í margfalt stærri mælikvarða en hefðbundin gróðurkort þá reyndist nauðsynlegt að bæta tveimur nýjum gróðurfélögum við lykilinn þ.e. *graslendi með blómplöntum* (H11) og *flóa með myrastör* (V10). Lykill yfir þau gróðurfélög sem eru í Úlfarsárdal er sýndur á gróðurkortinu og í viðauka í skýrslunni.

2 NÁTTÚRUMINJAR

Náttúruverndarráð (nú Umhverfisstofnun) hefur sett Úlfarsá, frá upptökum til ósa í Blikastaðakró, á náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996) ásamt 200 m breiðum bakka beggja megin árinna.

3 GRÓÐURFAR

3.1 Yfirlit

Kortlagða svæðið í Úlfarsárdal er samtals 331 ha eða 3,31 km². Gróið land er 92,5% en 7,5% telst ógróið. Helmingur ógróna landsins fellur undir byggð (by) þó að sú byggð sé afar vel gróin þar sem um er að ræða gróðrarstöðvar í landi Lambhaga.

Af gróna landinu er graslendi stærst að flatarmáli, en það þekur um þriðjung svæðisins (29%). Mosagróður þekur nærri fimmtung (17,9%). Um 13% svæðisins er mýrlendi, en samtals er votlendi nærri 22%. Ræktað land annað en skógrækt er 12,9% og skógrækt 7,2% (flatarmál skógræktar þar sem plantað hefur verið í óafgirtan úthaga er ekki með í þeirri tölu. Fimmtungi kortlagða svæðisins hefur þannig á afgerandi hátt verið breytt með ræktun. Lyngmói er ríkjandi á um tíunda hluta svæðisins (11,1%). Önnur gróðurlendi sem koma fyrir hafa mjög litla þekju en þau eru víðimói- og kjarr, þursaskeggsmói, sefmói og vatnagróður.

3.2 Einkennandi þættir í gróðurfari

Graslendi

Í Úlfarsárdal er graslendi ríkjandi alls staðar þar sem jarðvegur er samfelldur og land er þurr. Þriðjungur flatarmáls kortlagða svæðisins er graslendi en hluti þess er á landi sem hefur verið ræst fram en aldrei verið ræktað. Graslendi er einkennandi á bökkum Úlfarsár. Einkennandi graslendisgróðurfélög á svæðinu er *grös* (H1) en einnig er talsvert af gróðurfélaginu *grös með smárunnum* (H3).

Mosagróður

Mosagróður þrífst best þar sem jarðvegur er þunnur og ósamfelldur þ.e. einkum á svæðum sem eru að gróa upp. Tæpur fimmtungur kortlagða svæðisins er vaxinn mosagróðri sem einkennist oft af gisinni gróðurþekju. Einkennandi mosagróðurfélög á svæðinu eru *mosi með grösum og smárunnum* (A8) sem er útbreiddara og *mosi með smárunnum* (A4).

Votlendi

Votlendi er samtals fimmtungur af gróna landinu þrátt fyrir að talsvert votlendi hafi verið ræst fram og tekið til ræktunar. Deiglendi eða hálfdeigja er 6,6%, mýrlendi 13,8% og flói 1,4%. Deiglendið er helst þar sem land hefur verið ræst fram en framræslan er farin að ganga til baka. Helsta gróðurfélag deiglendisins er *grös – starir* (T5). Víðáttumesta gróðurlendi votlendisins á svæðinu er mýrlendi. Þar hafa gróðurfélögin *mýrastör – klófifa* (U4) og *mýrastör* (U5) mesta útbreiðslu.

Nokkur fleiri gróðurfélög sem koma fyrir í mýrlendinu hafa öll minni útbreiðslu. Eitt þeirra gróðurfélaga er *mýrafinnungur – mýrastör* (U12) sem finnst samkvæmt Steindóri Steindórssyni (1964) aðallega í strandhéruðum t.d. á Vestfjörðum og í útsveitum norðanlands og á Snæfellsnesi. Þetta gróðurfélag er í fimm reitum með blönduðum gróðurfélögum í mesta votlendinu við Úlfarsá neðan við bæinn Úlfarsfell. Þetta gróðurfélag er jafnan þar sem grunnvatnsstaða er há. Rétt er að taka fram að þetta gróðurfélag hefur fundist víða á suðvesturlandi við gróðurkortlagningu og telst því ekki sjaldgæft á héraðsvísu. Samt sem áður er full ástæða til að varðveita það og nánasta votlendi gegn breytingum sem geta fylgt í kjölfar skipulags.

Kortlagðir flóar eru samtals 4,3 ha. Þeir eru mjög fjölbreyttir og koma alls sjö flóagróðurfélög fyrir á tiltölulega litlu svæði þar sem votlendið er mest móts við bæinn Úlfarsfell. Athyglisverðast er gróðurfélag sem ekki er til í hefðbundnum gróðurlykli *mýrastör* (V10) þ.e. forblautur flói með mýrastör sem ríkjandi tegund. Fá dæmi eru um þetta gróðurfélag m.a. á litlum bletti við bæinn Fitjar í Skorradal en það telst að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands vera mjög sérstætt (Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson 1999). Við athugun á gróðurkortum má ætla að fyrrnefnt votlendissvæði beggja vegna Úlfarsár sé eitt af þeim náttúrufarslega athyglisverðustu sem enn eru eftir nálægt byggð á höfuðborgarsvæðinu. Svæðið er stórt að flatarmáli, gróðurfarslega fjölbreytt og óvenju blautt.

Ræktað land

Matjurtagarðar (R1), aðrir en þeir sem tilheyra byggðinni í Lambhaga, eru um 1,5 ha að flatarmáli. Þau garðlönd eru neðan við gamla Úlfarsárbæinn. Uppgrætt land er líðlega 3 ha, aðallega sáningar í vegköntum. Tún í góðri rækt (R2) eða tún sem notuð eru til heynytja eru einungis 2 ha en tún sem komin eru í órækt og ekki eru nytjuð (R3 og R4) eru samtals um 32 ha að flatarmáli.

Gróðurfar í Úlfarsárdal ber mikil ummerki hefðbundins landbúnaðar frá fyrri tíð. Nú er einungis hrossarækt á Úlfarsfelli. Stór hluti votlendis í dalnum, að undanskyldum austasta hlutanum sunnan ár, var ræstur fram og talsverður hluti þess tekinn til ræktunar. Þarna eru *gömul tún* (R4) sem ekki verða tekin aftur til heynytja án þess að verða brotin og ræktuð að nýju. Þessi gerð túna er dreifð um dalinn og þekur 15,9% af kortlagða svæðinu. Tún sem ekki eru nytjuð en eru í það góðu ásigkomulagi að hægt verður að taka þau aftur til heynytja með áburðargjöf einni saman, *gömul tún* (R3), eru einungis þrjú en mikil að flatarmáli því þau eru samtals 16,7 ha. Aðeins eitt tún sem nú er nytjað og telst vera í góðri rækt, *tún* (R2), er ofan við bæinn Úlfarsfell. Þar sem gömul tún hafa breyst það mikið að þau flokkast sem náttúruleg gróðurfélög er þess getið innan sviga aftan við gróðurmerkinguna á gróðurkortinu.

Skógrækt (R6) nær yfir 21,9 ha og er um helmingur þess innan girðingar við sumarbústaðina norðan Úlfarsár. Hinn hluti skógræktarlandsins er á ógirtu svæði í Reynisvatnshálsi þar sem plantað var í mosagróður.

Land innan skógræktargirðingarinnar sem merkt er að norðanverðu við Úlfarsá er ekki kortlagt jafn ítarlega og aðrir hlutar athugunarsvæðisins. Plöntunin hefur farið fram á löngu tímabili þannig að skógurinn er misgamall. Að hluta til er um að ræða nýlega plöntun með mjög ungum plöntum sem tímafrekt er að leita uppi til að kortleggja. Af þeim sökum er aðeins skilgreint eitt gróðurfélag innan girðingarinnar þ.e. *skógrækt* (R6). Skógurinn er víða vöxtulegur, einkum greniskógurinn. Nær alls staðar innan

girðingarinnar hefur trjám verið plantað, nema næst ánni, þar sem graslendi með snarrót er ríkjandi. Þar er aftur á móti villtur gulvíðir og nokkuð um sjálfsánnar birkiplöntur sem komið hafa upp af fræjum frá vöxtulegum birkitrjám.

Lyngmói

Í Úlfarsárdal og víða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins er lyngmói næsta stig í gróðurþróun fyrir ofan mosagróðurinn. Þannig breytist mosagróðurinn í lyngmóa með tímanum ef landið fær að þróast í friði. Einkennandi gróðurfélag lyngmóans á svæðinu er *beitilyng* – *krækilyng* – *bláberjalyng* (B4) þ.e svokallaður beitleyngsmói. Um tíundi hluti kortlagða svæðisins er lyngmói.

Gulvíðir

Í landi sem notið hefur friðunar fyrir búfé í dalnum beggja vegna Úlfarsár er gulvíðir orðinn algengur. Hann vex einkum á framræstu landi og annars staðar þar sem jarðvegur er þykkur og rakur. Víðast vex hann strjált í gróðurfélögum sem eru með öðrum ríkjandi plöntutegundum. Á einum stað sunnan ár austast er hann orðinn ríkjandi ásamt grösnum og fellur þá undir gróðurfélagið *gulvíðir-grös* (D5). Í nokkrum reitum á kortinu kemur þetta gróðurfélag fyrir sem það seinna af tveimur sem ekki er unnt aðgreina. Þar er *gulvíðir-grös* (D5) með gróðurfélögunum *grös* (H1) og *mýrastör-klófifa* (U4). Á stórum hólma í Úlfarsá neðan við skógræktargirðinguna er gulvíðir áberandi ásamt birki í grýttu graslendi. Það gróðurfélag er merkt *grös með smárunnum* (H3) en gæti eins verið blanda þriggja óaðgreinanlegra félaga. Gulvíði er ekki að finna þar sem hrossabeit er mikil.

3.2.7 Gróður við Úlfarsá

Úlfarsáin bugðast djúp og tær um dalinn og mótar meira og minna allan dalbotninn. Þó að frá Vesturlandsvegi að mörkum borgarlandsins neðan Hafravatns séu í beinni loflínu aðeins tæpir 3,8 km eru grónir bakkar árinna samtals liðlega 12 km. Þá er reiknuð lengd bakkanna með sínum bugðum beggja vegna við ána ásamt bökkum helstu hólma sem í ánni eru.

Bakkar Úlfarsár eru að mestu þurrir og þar ræður gróðurfélagið *grös* (H1) oftast ríkjum. Litla votlendisbletti, oftast með gróðurfélaginu *mýrastör-klófifa* (U4), má þó víða finna á bökkum árinna. Í ánni vaxa vatnajurtirnar fergin og nykrur á litlum blettum sem ekki er unnt að sýna á gróðurkortinu. Í graslendi á árbökkunum er snarrótarpunktur víðast hvar ríkjandi í þýfðu landi. Með snarrótinni eru oft áberandi gulvíðibrúskar á stangli. Mjaðurt er einnig áberandi í graslenninu þar sem rakara er, en hún vex einnig í deiglendi og votlendi víðsvegar um dalinn. Vallhumall og fjalldalaffill eru líka áberandi tegundir víða í dalnum án þess að vera ríkjandi tegundir.

Lítt- eða ógróið land

Lítt- eða ógróið land er 24,8 ha að flatarmáli eða 7,5% af flatarmáli kortlagða svæðisins. Liðlega helmingur þess er *byggð - mannvirki* (by) sem er stór og í raun gróðursæll reitur sem afmarkaður er utan um gróðrarstöðvarnar í landi Lambhaga. *Vatn* (av) er samtals 5,4 ha en þar er nær eingöngu um að ræða flatarmál Úlfarsár. Raskað land eða *rask* (ra) er 3,7 ha og er aðallega þar sem vegaframkvæmdir standa yfir austan við gróðrarstöðvarnar. *Melur* (me) kemur fyrir víðsvegar um svæðið á litlum blettum og er flatarmál þeirra samtals 2,1 ha. Aðrir flokkar lítt- eða ógróins lands sem koma fyrir á kortinu eru *flag* (fl) og *grýtt land* (gt).

Almennt er miðað við að á lítt- eða ógrónu landi sé gróðurþekja ekki meiri en 10%, en undantekning frá þeirri reglu er *flag* (fl) sem hefur hér gróðurþekju allt upp undir 50%. Flögin á svæðinu eru lítil en fjöldi þeirra er nokkur. Jarðvegur þeirra er allrakur og vatn stendur oft í þeim fram eftir vori eða í óþurrkatíð. Þau eru með smágerðum gróðurþúfum sem oftast er gróðurlaust á milli. Fjöldi plantna í flögunum er mikill en áberandi á þessu svæði eru ýmsar seftegundir og grös. Í flögunum geta verið tegundir plantna sem ekki finnast annars staðar á svæðinu. (Steindór Steindórsson 1964).

4 NIÐURSTÖÐUR

Náttúrufræðistofnun Íslands vill ítreka nú, þegar Úlfarsárdalur er deiliskipulagður, mikilvægi hans sem lítt snortins svæðis innan borgarmarkanna. Stofnunin telur gildi dalsins sem útivistarsvæðis með tiltölulega villtri náttúru hátt. Hluta þess votlendis sem ræst hefur verið fram má með tiltölulega litlum tilkostnaði færa til fyrra ástands með því að fylla í skurði. Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að lögð verði sérstök áhersla á að vernda votlendið beggja vegna Úlfarsár neðan við bæinn Úlfarsfell.

Vegna þess að lífríki árinna, gróðurfarið og fuglalífið mynda samfellda heild, er mikilvægt að varðveita önnur villt gróðurlendi við bakka árinna í öllum dalnum og sjá til þess að óheftur aðgangur verði að henni um ókomna framtíð.

Eins og fram hefur komið er náttúrufræðisvæðisins afar fjölbreytt og mikið til óspillt. Auðvelt ætti að vera að laga það sem aflaga hefur farið ef rétt er á málum haldið. Fjölbreytt lífríki sem felst í landslagi, ánni, árbakkanum, gróðurfari og fuglalífi gera svæðið þýðingarmikið til útivistar. Þýðingin felst m.a. í því að það er steinsnar frá byggð. Í raun er hér alveg einstakt tækifæri til að skipuleggja nýja byggð í sátt við óspillta náttúru þannig að náttúrufræðisvæðis geti þróast á eðlilegan hátt lífríkinu til framdráttar og íbúum til ómældrar fræðslu og ánægju. Beitarálag í Úlfarsárdal er lítið nema í landi Úlfarsfells þar sem hrossabeitin er sumstaðar áberandi mikil. Hvergi virðist landið þó vera það illa farið að beitarfriðun geti ekki skilað landinu í eðlilegt horf á fáum árum. Takmarka þarf og skipuleggja hrossabeitina. Hrossabeit sem gengur of nærri gróðri á ekki heima í borgarlandinu.

Að öðru leyti en að framan greinir er hér vísað til fyrri tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands í skýrslu (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1996). Þar var m.a. lagt til að svæðið yrði friðlýst og hljóti stöðu fólkvangs. Lögð var áhersla á að svæðið fái að halda sínum náttúrulegu einkennum og að ræktun og umhirða taki mið af því.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill að lokum til fróðleiks minna á svokallaðar ágengar plöntutegundir sem slæðast úr ræktun eða eru beinlínis settar í villt gróðurlendi og ná þar yfirhöndinni, þannig að tegundirnar sem fyrir eru hopa eða hverfa alveg. Við það geta orðið miklar breytingar á vistkerfinu sem oftast eru óafturkræfar. Gróðurinn í Úlfarsárdal er að mestu laus við þessar tegundir enn sem komið er.

Alaskalúpína, tilheyrir flokknum ágengar tegundir. Borgarbúar þekkja hana allir og vita að hún breiðist nú með ógnarhraða um mela og mólendi á höfuðborgarsvæðinu og veldur um leið miklum breytingum á gróðurfari svæðisins á þann hátt að upprunalegi

gróðurinn hverfur smám saman. Alaskalúpína vex í breiðum upp við Hafravatn og finns hér og þar niður með Úlfarsánni þar sem fræ tegundarinnar berast auðveldlega með árvatninu. Ástæða er til að huga að því að uppræta þessa ágengu tegund af svæðinu áður en hún breiðist meir út.

5 HEIMILDIR

- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1988. Gróður- og jarðakort, blað 1613 III NV Viðey (1:25.000). Reykjavík.
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1989. Gróður- og jarðakort, blað 1613 III NA Mosfellsdalur (1:25.000). Reykjavík.
- Kristbjörn Egilsson, ritstjóri, Haukur Jóhannesson, Jóhann Óli Hilmarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 1996. Náttúrufar í austurlandi Reykjavíkur. Klapparholt (Norðlingaholt), Austurheiði, Úlfarsá og Hamrahlíðarlönd. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur. Náttúrufræðistofnun Íslands. 60 bls.
- Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson 1999. Gróðurfar í votlendi á Fitjum í Skorradal. Unnið fyrir Huldu Guðmundsdóttur, Fitjum. Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ-99002). 13 bls. og kort.
- Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa. Reykjavík. 64 bls.
- Steindór Steindórsson 1964. Gróður á Íslandi. Almenna bókafélagið. Bls. 116–119.
- Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðursamfélög. Íslenskar landbúnaðarrannsóknir. 12,2. Bls. 11–52.

VIÐAUKI**Gróðurlykill (Úlfarsárdalur, gróðurkort 1:5000)****ÞURRENDI****Mosagróður**

- A4 Mosi með smárunnum
- A8 Mosi með grösum og smárunnum

Lyngmói

- B4 Beitilyng - krækilyng - bláberjalyng

Birki

- C5 Ilmbjörk

Þursaskeggsmói

- E1 Þursaskegg

Sefmói

- F1 Móasef

Graslendi

- H1 Grös
- H3 Grös með smárunnum
- H11 Grös með blómplöntum

Ræktað land

- R1 Garðlönd, korn- og grænfóðurakrar
- R2 Tún í góðri rækt
- R3 Gamalt tún, hægt að nýta án endurvinnslu
- R4 Gamalt tún, ekki hægt að nýta án endurvinnslu
- R5 Uppgræðsla/ræktað graslendi
- R6 Skógrækt

VOTLENDI**Hálfdeigja**

- T2 Hrossanál - starir - grös
- T5 Grös - starir
- T6 Broddastör - víðir - starir

Mýri

- U2 Mýrastör - víðir
- U3 Mýrastör - fjalldrapi
- U4 Mýrastör - klófffa
- U5 Mýrastör
- U8 Mýrastör - gulstör
- U12 Mýrafinningur - mýrastör
- U19 Mýrastör - tjarnastör

Flói

- V1 Gulstör
- V2 Tjarnastör
- V3 Klófffa
- V4 Hengistör
- V5 Vetrarkvíðastör
- V8 Klófffa - bláberjalyng - fjalldrapi
- V10 Mýrastör

Vatnagróður

Y1 Fergin

Gróðurþekja:

x Gróðurþekja að meðaltali 75%
z Gróðurþekja að meðaltali 50%
þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Grjót í gróðri

a Nokkurt grjót í yfirborði
b Talsvert grjót í yfirborði

Annað

fl Flag
by Byggð - mannvirki
r Raskað land af mannavöldum
me Melar
av Vatn

GRÓÐURLYKILL

- PURRLENDI**
Mosagróður
A4 Mosi með smárunnum
A8 Mosi með grósum og smárunnum
Lyngmói
B4 Bétilyng - krækilyng - bláberjalyng
Birkiskógur og kjarr
C5 Ilmbjörk
Þursaskeggsmói
E1 Þursaskegg

Sefnmói

- F1 Móasef

Graslendi

- H1 Grös
H3 Grös með smárunnum
H11 Grös með blómplöntum

Ræktað land

- R1 Garðlund, kom- og grænfbódurakrar
R2 Tún í góðri rækt
R3 Gamalt tún, hægt að nýta án endurvinnslu
R4 Gamalt tún, ekki hægt að nýta án endurvinnslu
R5 Uppgræðsla/ræktað graslendi
R6 Skógrækt

VOTLENDI

Deiglendi

- T2 Hrossandi - starir - grös
T5 Grös - starir
T6 Broddastór - víðir - starir

Mýri

- U2 Mýrastór - víðir
U3 Mýrastór - fjalldrapi
U4 Mýrastór - klóffa
U5 Mýrastór
U8 Mýrastór - gulstór
U12 Mýrafrunningur - mýrastór
U19 Mýrastór - tjarnastór

Flói

- V1 Gulstór
V2 Tjarnastór
V3 Klóffa
V4 Hengistór
V5 Vetrarkvíðastór
V8 Klóffa - bláberjalyng - fjalldrapi
V10 Mýrastór

Vatnagróður

- Y1 Fergin

Skert gróðurpekja:

- x Gróðurpekja að meðaltali 75%
z Gróðurpekja að meðaltali 50%
p Gróðurpekja að meðaltali 25%

Griót í gróðri

- a Nokkurt griót í yfirborði
b Talsvert griót í yfirborði

ANNAÐ

- f Flag
by Byggð - mannvirki
r Raskað land af mannavöldum
me Meiar
av Vatn

Skala

- 0 100 200 300 m
Mælikvarði 1:5000





ÚLFARSÁRDALUR

Gróðurkort - 1:5000



Loftmyndir: Hnit 2001 og Loftmyndir ehf. 2002
 Myndkortagerð: Ísgraf ehf.
 Gróðurgreining: Náttúrufræðistofnun Íslands 2004
 Útlit korts: Inga Dagmar Karlsdóttir
 Unnið fyrir Skipulags- og byggingasvið Reykjavíkurborgar